Tveir draumar Einars Guðmundssonar, smiðs, Bakkastíg 4,. Reykjavík.

2 blöð qto. 27.

Einar Gudmundsson smidur, Baldursstíg 4., segir tvo drauma sína:

Ég þóttist vera staddur í Vesturgötunni í Reykjavík, skamt fyrir vestan verzlun Geirs Zoëga. Nokkrir menn, sem ég ekki þekti ekki voru staddir þarna hjá mér og medal þeirra var, ad því er mér virtist í fyrstu, Geir gamli Zoëga, en mundi þó – í draumnum – ad hann var dáinn fyrir nokkrum árum. Þetta reyndist þó so ad það var Geir gamli Zoëga sem var á medal þessara ókunnugu manna, því nú kom hann út úr hópnum í nývandri, skósídri kápu. Mér sýndist ferdasnid á honum og þótti mér hann segja vid okkur:

„Gerid svo vel, piltar mínir, þid, sem eigid heima hérna í Vesturbænum, ad ganga vid hjá honum Gísla Tómassyni og segja honum frá mér, ad hann skuli taka hnakktöskurnar og beizlid, sem er uppi á pakkhúsloftinu hjá mér, til ferdalagsins á morgun." –

Daginn eftir vard Gísli Tómasson ! En hann hafdi um mörg ár, löngu ádur, verid þjónn Geirs Zoëga og oft í ferdalögum med honum í fylgd med Englendingum vídsvegar um landid.

— a —

Þad var í janúarmánudi árid 1920, ad mig dreymdi ad ég væri á gangi fyrir utan Thomsensverzlunarbúdina gömlu. Sé ég þá marga menn ganga inní búdina ad sunnanverdu. Ég fór þar einnig inn, til þess ad sjá hvad um væri ad vera. Búdin var trodfull af fólki. Innan vid bordid var ungur madur, svarthærdur, en nokkud fölur í framan og mjög skuggalegur útlits. Allir, er inni voru virtist vera ad verzla eda ætla sér ad verzla, en engan sá ég fá neitt afgreitt. Kom þá lítil kona fram og kalladi þrívegis: 12. maí! – 12. maí! – 12. maí! Ég gekk út og vaknadi. Sídan, er ég fór ad hugsa um drauminn, datt mér í hug ad taka eftir því framvegis, hvort nokkud kæmi fyrir vidvíkjandi þessu húsi eda verzlun þeirri er í því var. 12. maí 1920, 1921 og 1922 vard ég einskis var.

en seint í júní árið 1922 las eg í Lögbirtingablaðinu, að G. Eiríks er lýstur gjaldþrota 12. maí 1922. —

— „ —

Guðmundur Eiríksson, er síðar nefndi sig G. Eiríks til þess að villa mönnum sýn og eigi síður og fordild, var alla daga útlits eins og ungi maðurinn í draumnum og hafði Einar Guðmundsson aldrei séð hann né heyrt hann nefndan. Var G. Eiríks þó um nokkur ár með all-umfangsmikla heildsöluverslun, er hann hafði sölsað undir sig frá Nathan, en hjá honum vann hann áður. G. Eiríks var fjölhæfur maður, en óreglusamur mjög og ó-spilleitinn í viðskiftum, reglulegur „svindlari", enda náði hann ýmsum mönnum sér til aðstoðar við þau störf sín, t. d. Brynjólf Þorláksson um 1908, Ásgeir Guðmundarson (er nefndi verslun sína „A. Blöndal Piano magasin") er einnig varð gjaldþrota (0.29%!) og strauk héðan til Ameríku frá konu og börnum eins og G. Eiríks. Brynjólfur Þorláksson fór einnig til Ameríku, „svo lítið bar á", frá góðri stöðu sökum óreglu í viðskiftum og ýmsu fleiru.

Það var erfitt og alls ekki hættulaust að vera nágranni þessara manna né keppinautur þeirra í heiðarlegum viðskiftum og því verra var það fyrir þá sök að þeir voru allir hinir ósvífnustu bragðarefir, greindir vel og óaðfinnanlegir í daglegri umgengni. G. Eiríks var þó orðinn krottalegur og hortugur mjög og því meir sem hann eldist og kom það eigi síst niður á konu hans (dóttur Halldórs Daníelssonar dómara) og dóttur þeirra. G. Eiríks var söngvinn vel og lék ágætlega á Piano og Harmonium. Það var yndislega skemtilegt að heyra honum en að öðru leyti var hann hinn varúðarverðasti flysjungur, en ég hefi þekt.

[illegible]